

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal, skv. samþykkt nr. 222/2023 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

#### 2. gr.

##### Íbúðarhúsnæði.

Úrgangur frá íbúðarhúsnæði skal flokkaður í 7 flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir grunn-einingu fjögurra íláta við húsvegg. Grunneneiningin samanstendur af ílátum fyrir plastefni, pappír og pappa, lífúrgang og blandaðan heimilísúrgang. Til viðbótar skal safna gleri, málmum og textíl sem skila skal í þar til gerð ílát á grenndarstöð.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

Tegund íláts	Gjald kr./ílát á ári	Hirðutíðni
Blandaður úrgangur, 240 l tunna (dreifbýli)	37.000	4 vikur
Blandaður úrgangur, 240 l tunna (Melahverfi/Krossland)	37.000	2 vikur
Blandaður úrgangur, 140 l spartunna (dreifbýli)*	28.000	4 vikur
Blandaður úrgangur, 140 l spartunna (Melahverfi/Krossland)*	28.000	2 vikur
Blandaður úrgangur, 660 l tunna	110.000	4 vikur
Pappírsefni, 240 l tunna (Melahverfi/Krossland)	10.000	3 vikur
Pappírsefni, 660 l tunna (eingöngu í dreifbýli)	10.000	6 vikur
Pappírsefni, 240 l tunna (dreifbýli)	8.000	6 vikur
Pappírsefni, 140 l spartunna (Melahverfi/Krossland)*	8.000	3 vikur
Pappírsefni, 140 l spartunna (dreifbýli)*	8.000	6 vikur
Plastefni, 240 l tunna (Melahverfi/Krossland)	10.000	3 vikur
Plastefni, 240 l tunna (dreifbýli)	10.000	6 vikur
Plastefni, 140 l spartunna (Melahverfi/Krossland)*	8.000	3 vikur
Plastefni, 140 l spartunna (dreifbýli)*	8.000	6 vikur
Lífúrgangur, 140 l tunna	8.000	2-4 vikur

\* Sorphirðugjald verður innheimt eftir núverandi kerfi samhliða fasteignaskatti á árinu 2024. Hægt verður að sækja um spartunna á árinu 2024 og fá þær afhentar á síðari hluta ársins en nýtt gjald verður ekki innheimt fyrir en samhliða fasteignaskatti á árinu 2025. Innheimt verður breytingargjald (sjá 3. gr.) þegar óskað er eftir breytingu á skráningu. Einnig er innheimt tunnugjald og útkeyrslugjald við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða. Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu, sé þess óskað, enda sé hún óskemmd. Verð eldri tunnu miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst.

Urðun úrgangs, íbúðarhúsnæði, 5.900 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignaskatti. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti frammar hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Innifalið í gjaldi fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs er móttaka á gleri, textíl og málmum í grenndarstöð við Melahverfi.

#### 3. gr.

##### Aðrir gjaldaliðir (önnur gjöld).

Ef sorptunna/ílát skemmist eða hverfur vegna þess að það hefur ekki verið gengið nægilega vel frá þeim, t.d. undir skýli eða að festingar vantar verður innheimtur raunkostnaður á hverja tunnu/ílát samkvæmt reikningi frá verktaka.

Sorptunnur/ílát sem geymd eru utanhúss skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsettar að aðgangur að þeim sé greiður og af þeim geti ekki stafað óþægindi eða óþrifnaður fyrir umhverfið, sbr. 15. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023.

Tunnugjald/ílátgjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna/íláta og ef skipt er milli stærða. Sé tunnu/íláti skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna/ílát tekið upp í nýja, enda sé hún óskemmd. Verð eldri tunnu/íláts miðast við verð á nýju, að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu er 3.500 kr. í hvert sinn sem óskað er breytinga. Á þetta við um breytingu á ílátum/tunnum, viðbótarílát eða breytta skráningu, svo sem samnýtingu á tunnum/ílátum.

#### 4. gr.

##### *Samnýting á tunnum/ílátum.*

Umráðafólk tveggja eða fleiri fasteigna á samliggjandi lóðum, eða fjölbýlishúsa, getur lagt inn skriflega umsókn til sveitarfélagsins um samnýtingu á sorptunnum/ílátum milli fasteigna. Þannig geta íbúar á aðliggjandi lóðum sótt um samnýtingu á tunnum/ílátum\*\*. Forsendur þess eru að allar sorptunnur/ílát hlutaðeigandi fasteigna séu staðsett á sama stað og að staðsetning þeirra valdi ekki grenndaráhrifum gagnvart eigendum annarra fasteigna í næsta nágrenni. Að öðru leyti er vísað til reglna sveitarfélagsins um samnýtingu á sorptunnum<sup>1</sup>. Gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs skv. gjaldskrá skiptast í jöfnum hlutföllum á milli þeirra aðila sem nýta sömu sorptunnur/ílát.

\*\* Hægt verður að sækja um samnýtingu á sorptunnum/ílátum í upphafi árs 2024 og verður breytingin innleidd síðar á árinu 2024. Nýtt gjald verður innheimt í samræmi við breytt fyrirkomulag samhliða fasteignaskatti á árinu 2025. Innheimt verður breytingargjald (sjá 3. gr.) þegar óskað er eftir breytingu á skráningu.

#### 5. gr.

##### *Sumarhús/frístundahús.*

Gjald fyrir sumarhús/frístundahús sem ekki hafa grunneiningu sorpíláta, heldur aðgang að grenndarstöðvum greiða 20.120 kr. fyrir meðhöndlun úrgangs og 5.900 kr. fyrir urðun úrgangs. Slík gámasvæði eru á 9 stöðum í Hvalfjarðarsveit.

Á grenndarstöðvum fyrir sumarhús/frístundahús eru gámar fyrir almennan úrgang, plast og pappa/pappír.

Auk þess er innifalið í gjaldinu móttaka á gleri, textíl og málmum í grenndarstöð við Melahverfi.

#### 6. gr.

##### *Grenndarstöðvar.*

Grenndarstöðvar eru í nágrenni deiliskipulagðra frístundasvæða með yfir 20 bústöðum skv. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 703/2023.

Grenndarstöð er einnig staðsett við Melahverfi.

Hvalfjarðarsveit rúkkar ekki fastan kostnað á heimili eða sumarhús/frístundahús vegna reksturs grenndarstöðva við sumarhúsa-/frístundahúshverfin né við Melahverfi. Engin mönnuð gámastöð (móttökustöð) er í Hvalfjarðarsveit. Samkvæmt sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir suðvesturhluta landsins geta íbúar í Hvalfjarðarsveit losað sig við úrgang á gámastöðinni Gámu, að Höfðaseli 16 á Akranesi eða móttökustöð við Sólbakka í Borgarnesi. Greitt er fyrir losun á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá.

#### 7. gr.

Gjalddagar sorphirðu- og sorpurðunargjalds skv. 2. gr. skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

---

<sup>1</sup> Sjá reglur um samnýtingu íláta.

Gjöld fyrir meðhöndlun og urðun úrgangs í Hvalfjarðarsveit er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign án tillits til eigendaskipta. Gjöldin njóta lögveðsréttar í fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Innifalið í gjaldinu er móttaka á gleri, textíl og málmum í þar til gerð söfnunarílát á vegum sveitarfélagsins.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1592/2022.

Gjaldskrá þessi miðast við vísitölu neysluverðs í október 2023 og er 603,5 stig og uppfæriskvæmt breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2025.

*Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 13. desember 2023.*

**Andrea Ýr Arnarsdóttir** oddviti.

---

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2023

Leiðrétt skjal: 4. janúar 2024